

## Samþykkt um stefnu KÍ í fræðslumálum

Sjötta þing KÍ haldið 1. - 4. apríl 2014 samþykkir eftirfarandi stefnu í fræðslumálum:

Á vegum KÍ skal vera starfandi fræðslunefnd sem varaformaður veitir forystu. Auk hans skulu sitja í nefndinni fulltrúar frá FG, FF, FL og FT auk eins fulltrúa stjórnendafélaganna. Nefndin hefur það hlutverk að gera tillögur um og skipuleggja fræðslu á vegum KÍ í samráði við stjórn, nefndir og ráð KÍ og formenn svæðafélaga/-deilda. Stjórn KÍ ákvarðar hvaða fjármunum skuli veitt til fræðslustarfs og tekur því endanlegar ákvarðanir um umfang og framkvæmd fræðslunnar.

Markmið með sameiginlegri fræðslu á vegum KÍ þvert á aðildarfélög er að nýta hagkvæmni og kosti stærðarinnar. Ennfremur að skapa samræðuvettvang milli skólastiga/skólagerða og efla þannig samstarf og tengsl milli allra félagsmanna KÍ.

Fræðslustarfsemi á vegum KÍ skal einkum vera eftirfarandi:

- Árleg trúnaðarmannafræðsla um störf trúnaðarmanna, hlutverk þeirra, réttindi og skyldur og helstu hagsmunamál stéttarinnar ásamt öðru sem brennur á hverju sinni. Aðildarfélögin halda samt sem áður fræðslu er tengist kjarasamningum hvers félags.
- Forystufræðsla í upphafi kjörtímabils til þeirra sem veljast til trúnaðarstarfa á vegum KÍ og aðildarfélaganna til að styrkja fólk í störfum sínum sem slíkir.
- Reglulegir fræðslu/umræðufundir sem eru opnir öllum félagsmönnum um helstu kjara- og réttindamál, skóla- og menntamál og aðra málaflokka sem efstir eru á baugi hverju sinni.

Við skipulagningu fræðslunnar skal þess gætt að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna félagsmanna eins og kostur er. Þar er meðal annars átt við mismunandi vinnutíma og fjarlægðir til fundastaða. Kanna skal möguleika fjarfundabúnaðar og vefnámskeiða og gæta þess að efni sé aðgengilegt á vefsvæði, eins og við á hverju sinni.

Ennfremur eru KÍ og aðildarfélögin hvött til að skipuleggja eins og kostur er ráðstefnur, málþing, fundi og námskeið um hin ýmsu mál sem geta verið á dagskrá samtímis og/eða eru sameiginleg og varða alla félagsmenn óháð því hvar þeir starfa.

Fræðslunefnd skal í samráði við útgáfu- og kynningastjóra KÍ skoða þörf og möguleika á að gefa út upplýsingabæklinga og kynningarefni (í riti og/eða á neti) um einstaka málaflokka sem koma félagsmönnum, trúnaðarmönnum og öðru forystufólki að gagni.